



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

10. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 3. september 2019 kl. 21,30 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Starfslok safnvarðar. Linda Ásdísardóttir safnvörður hefur sagt upp störfum og mun í októberbyrjun hefja störf á Þjóðminjasafni Íslands. Stjórn safnsins þakkar Lindu vel unnin störf fyrir safnið og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Safnstjóra falið að auglýsa eftir nýjum safnverði í lok október og skal gera ráð fyrir að nýr starfsmaður komi til starfa í byrjun janúar. Starfsvið safnvarðar verður fjölbreytt en fyrst og fremst varðveisla, miðlun og markaðsmál.
2. Áætlanir 2020. Vinna er hafin við gerð starfs- og rekstraráætlunar 2020. Kjarasamningar eru lausir og ekki ljóst hvernig þeir samningar enda. Rekstrarkostnaður safnsins mun líka hækka vegna fasteignaviðskipta þessa árs. Safnstjóra falið að leggja fram starfsáætlun og rekstraráætlun á næsta fundi sem verður eftir mánuð.
3. Staða viðhaldsframkvæmda við Húsið. Málara hafa enn ekki lokið við að mála glugga Hússins og Assistentahússins að innan þannig að kostnaður er ekki ljós eins og er. Líkur eru á að kostnaður verði eitthvað hærri en rekstraráætlun 2019 gerði ráð fyrir. Sótt verður um styrk til Húsafriðunarsjóðs vegna viðhaldsframkvæmda ársins og safnstjóri mun kynna stöðu verksins á næsta fundi.
4. Verkefni sem unnið er að á safninu um þessar mundir. Sumaropnun er í gildi en aðsókn erlendra gesta er minni en undanfarin ár og er það í takt við minni fjölda erlendra gesta til landsins. Litla-Hraunssýningunni var lokað í byrjun júní, sýningin Rófubóndinn opnaði 15. júní og stóð til 1. september en 7. september opnar sýningin Bækur og bakkelsi sem er á vegum Héraðsskjalasafns Árnesinga. Innlendir gestir hafa komið á sýningarnar sem vakið hafa athygli á safninu og nýir gestahópar komið. Unnið er að skráningu þegar tækifæri gefst, safnvörður fór í kynnisferð til Grænlands í ágúst fyrir styrk frá Símenntunarsjóði Safnaráðs og safnstjóri hefur unnið að margvíslegum verkefnum í tengslum við uppbyggingu Búðarstígs 22.
5. Næsti fundur verður sunnudaginn 6. október kl. 18.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22.

Árni Eiríksson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Lýður Pálsson